

2022-05-08

Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri
Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga

Tillaga um endurgreiðsluhlutfall árið 2022 vegna réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar í B-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga.

Samþykktir sjóðsins innihalda ákvæði um skyldu aðilarstofnana til endurgreiðslu á hluta lífeyris. Ákvæðið er nú svohljóðandi:

“34.3. Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

34.4. Endurgreiðsluhlutfall skal ákveða árlega ségreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður endurgreiðsluhlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastaerðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum ídgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíma og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur. Bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir sem tryggt hafa starfsmenn í sjóðnum skulu endurgreiða sjóðnum mánaðarlega tiltekinn hundradshluta af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna. Bæjarstjórn ákveður hundradshluta þennan til egi skemmri tíma en til eins árs í senn að fenginni umsögn tryggingastaerðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að endurgreiðsla ásamt innborguðum ídgjöldum miðað við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtun hefði náðst allan rekstrartímann og útreiknað endurgreiðsluhlutfall verið í gildi. Til framtíðar skal reiknað með tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur sem gildandi eru á hverjum tíma.”

Aflað var upplýsinga úr ársreikningum Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar frá 1983-2013 og Brúar lífeyrissjóðs árin 2013-2021 um greiðslu ídgjalda, lífeyris og kostnaðar. Þá fengust úr ársreikningum Hafnarfjarðarbæjar upplýsingar um ídgjalda og lífeyrisgreiðslur árin 1963 til 1983 sem ekki hafa verið aðgengilegar fyrir við útreikning á endurgreiðsluhlutfalli. Eftir þessum upplýsingum er nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall reiknað miðað við niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar sem gerð var miðað við lok ársins 2021.

Niðurstaða útreikninga er að nauðsynlegt endurgreiðsluhlutfall reiknist nú **73%**.

Virðingarfyllt,



Bjarni Guðmundsson